

**Sp.**

**119. Fyrirspurnir.**

[102. mál]

I. Til félagsmálaráðherra um starfsemi Húsnæðismálastofnunar ríkisins.

Frá Helga F. Seljan.

1. Hvað hefur Húsnæðismálastofnun ríkisins aðhafst í því skyni að auka hagkvæmni í byggingum og lækka byggingarkostnað skv. 3. gr. laga um stofnunina?
2. Hverjar eru helstu áætlanir stofnunarinnar um aðgerðir í þessu efni?

II. Til sjávarútvegsráðherra um starfsemi Hafrannsóknastofnunarinnar.

Frá Pétri Sigurðssyni.

1. Hvaða aðilar á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar skipuleggja og stjórna rannsóknar- og fiskileitarleiðöngurum skipa hennar?
2. Hver eru þessi skip og hve margir voru úthaldsdagar þeirra á s.l. ári?
3. Hvað veldur því að b/v Baldur hefur enn ekki hafið rannsóknar- og leitarstörf?
4. Hvaða aðilar ákváðu þær breytingar, sem á skipinu er verið að gera, og í hverju eru þær fólgnar.
5. Hvað hafa þessar breytingar kostað til þessa, hve mikill er áætlaður heildarkostnaður þeirra nú?
6. Hver var viðgerðarkostnaðurinn skv. mati á b/v Baldri að afloknu þorskastríði?

III. Til sjávarútvegsráðherra um kaup og rekstur á togveiðiskipinu Baldri.

Frá Jóni Árm. Héðinssyni.

- a) Hvert var kaupverð togveiðiskipsins Baldurs EA 124?
- b) Hvað hafa allar breytingar skipsins og viðhald kostað?
- c) Hvað hefur skipið legið marga daga í höfn á þessu ári og hvar?
- d) Hvað má reikna með að skipið kosti ríkissjóð á dag í höfn?
- e) Hvernig er fyrirhugað að nota skipið á árinu 1978?

IV. Til iðnaðarráðherra um Kröfluvirkjun.

Frá Magnúsi Kjartanssyni.

1. Hvernig hljóðaði bréf það sem Orkustofnun sendi iðnaðarráðherra 14. mars 1975, þar sem varað var við þeirri áhættu sem í því væri fólgin að ráðast í framkvæmdir við Kröflu, áður en tryggð væri næg vinnsluhæf gufa, og bent á að slík framkvæmd væri einsdæmi?
2. Hverjar voru niðurstöðurnar af athugunum „konunnar með svarta kassann“ sem hingað kom á vegum iðnaðarráðherra s.l. vor til þess að kanna ástandið við Kröflu? Hver varð heildarkostnaður af hingaðkomu konu þessarar og hversu mikil þóknun var henni greidd? Ollu niðurstöður „konunnar með svarta kassann“ því, að tillögur Orkustofnunar um nýjar boranir á þessu ári voru að engu hafðar? Styðjast tillögurnar á fjárlagafrumvarpi ársins 1978 um framkvæmdir við Kröflu við hugmyndir konu þessarar?

V. Til forsætisráðherra um framkvæmdir á Hrafseyri til minningar um Jón Sigurðsson.

Frá Þorv. Garðari Kristjánssyni.

1. Eru fyrirhugaðar frekari framkvæmdir á Hrafseyri til að efla staðinn í minningu Jóns Sigurðssonar?
2. Er ætlunin að minnast hundruðustu ártíðar Jóns Sigurðssonar árið 1979 með sérstökum framkvæmdum á Hrafseyri?
3. Hvert er hlutverk Hrafseyrarnefndar?